

# VÍÐÓMA



## Skólablað VÍÐISTAÐASKÓLA

### JÓLASTYRKARBINGÓ

Hefð er fyrir því að 10.bekkur og nemendafélag skólans haldi jólastyrktarbingó á hverju ári.

Miðvikudaginn 11. desember komu nemendur skólans og fjölskyldur þeirra og spiluðu bingó saman.

Þetta árið ákváðu nemendur að safna fyrir Barnaspítala Hringins og söfnuðust 214 þúsund krónur.

Lesi má meira frá jólastyrktarbingóinu á bls. 23



Sigrún Ásta í 10. SHS bingóstjóri afhendir hér styrkinn fyrir hönd 10.bekkjara og nemendafélagsins



Einnig hefur skólamatur boðið uppá holla og góða ávexti fyrir nemendur skólans til að njóta með nestinu sínu.



### HAFRAGRAUTUR OG ÁVEXTIR

Víðistaðaskóli, ásamt öllum skólum í Hafnarfirði, býður nú upp á hafragraut á morgnanna. Hafragrauturinn hefur notið mikilla vinsælda, bæði meðal nemenda og starfsfólks.



## JÓLAKVEÐJA



Hrönn Bergþórsdóttir, skólustjóri

Nú líður að jólum og þá er við hæfi að horfa til baka yfir árið sem er að líða. Árið 2019 hefur verið viðburðaríkt í skólustarfinu hjá okkur í Víðistaðaskóla. Þetta hefur verið gott ár og margs að minnst eins og búast má við á fjölmennum vinnustað. Skólustarfið í heild gekk vel fyrir sig og líður nemendum og starfsfólki almennt vel í skólanum miðað við niðurstöður Skólapúlsins. Líðan nemenda í Víðistaðaskóla mælist vel fyrir ofan meðaltal Skólapúlsins það sama má segja um starfsánægju starfsmanna sem var marktækt fyrir ofan meðaltal Skólapúlsins. Við leggjum áherslu á að nemendum og starfsmönnum líði vel í skólanum og vinnum markvisst að því. Mig langar einnig að þakka foreldrum fyrir jákvæð viðhorf og traust til stjórnenda skólans. Samkvæmt Skólapúlsinum eru 98% foreldra ánægðir með stjórnun skólans. Eins kom fram að foreldrar eru ánægðir með nám og kennslu í skólanum en þeir þættir mældust marktækt fyrir ofan landsmeðaltal Skólapúlsins. Eins mældist ánægja foreldra og nemenda með samskipti við kennara og starfsmenn yfir meðaltali í Skólapúlsinum. Það er mikilvægt fyrir okkur að finna þetta traust og vera í góðu samstarfi við heimilin. Við viljum stíga fleiri skref í samvinnu við foreldra og ætlum að halda skólalöng á vorönninni þar sem við munum eiga samtali um skólustarfið og horfa í átt til framtíðar og þess umhverfis sem bíður barnanna okkar.

Árið 2019 náðum við þeim áfanga að verða stærsti og fjölmennasti grunnskólinn í Hafnarfirði með 730 nemendum á tveimur starfsstöðvum. Í vor var ákveðið að hafa nemendum upp í 5. bekk í Engidal þannig að þar eru nú 145 nemendum. Þetta kom til af því að það er farið að vanta fleiri kennslustofur í stærri starfsstöðinni og einnig fannst okkur börnin heldur ung til að fara á milli starfsstöðva og að ganga í gegnum þessa miklu breytingu sem hefur orðið með blöndun í 5. bekkjum undanfarin ár. Við finnum nú þegar að þetta var góð ákvörðun sérstaklega með tilliti til líðan nemenda í 5. bekk og stefnum á að nemendum verði einnig í 6. bekk í Engidal næsta vetur. Skólustarfið í Víðistaðaskóla er mjög fjölbreytt og nemendum hafa verið að standa sig vel í ýmsum verkefnum svo eftir er tekið. Það er við hæfi að minnst á allar þær viðurkenningar sem skólinn hefur fengið fyrir fjölbreytt verkefni. Má segja að vorið hafi verið einstaklega gjöfult í þessu tilliti en við unnum ýmsar keppnir eins og spurningakeppni grunnskólanna í Hafnarfirði og áttum mörg verðlaunasæti í stærðfræðikeppnum og fleira.





Skólinn fékk tvær aðalviðurkenningar Foreldraráðs Hafnarfjarðar annars vegar fyrir fengu foreldrar í 10. bekk viðurkenningu fyrir foreldrasamstarf vegna samstarfs í tengslum við söngleik 10. bekkinga Fútluz og síðan fengum við viðurkenningu fyrir Jafnréttisdaga sem Jafnréttisrá' nemenda stóð fyrir. Heimili og skóli veittu okkur viðurkenningu fyrir samstarf 6. bekkja við heimilisfólk Hrafnistu í tengslum við lestur. Að lokum fengum við viðurkenningu Fræðsluráðs Hafnarfjarðar fyrir Veröld námsverið okkar sem styður við tvítyngda nemendur.

Við erum afar stolt af skólastarfinu okkar og það er gaman þegar tekið er eftir því góða starfi sem er í skólanum sem snýst auðvitað fyrst og fremst um nemendur og þeirra hag.

Það er ekki annað hægt en að enda þennan pistil á lestrarhvatningu en nú um jólin er helsta bókavertíðin og í ár var mun meira gefið út af bókum en oft áður. Ég hvet ykkur kærur nemendur og foreldrar til að nota jólaleyfið til að lesa og njóta þess.

Ég óska ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar og vona að þið njótið samverunnar með ykkar nánustu.

Við sjáumst síðan hress og kátt þann 3. janúar í skólanum.

*Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri*



# PISTILL FRÁ FORMANNI NEMENDAFÉLAGSINS

Guðmundur Pétur Dungal Níelsson skrifar

Við byrjuðum árið á nýnemaballinu sem er haldið árlega. Allt gekk vel og það myndaðist góður félagslegur andi í unglingadeildinni.

Fyrsta fjáröflun ársins fyrir útskrifarferð 10.bekkar var haldin þegar fyrstu foreldraviðtöl vetrarins voru haldin. Kökusalan árlega var haldin og hún gekk eins og í sögu.

Í nóvember voru kosningar um söngleik sem á að sýna í febrúar. Beetlejuice varð fyrir valinu. Æfingar og prufur byrjuðu beint á eftir og við byrjuðum strax að æfa fyrir sýninguna í jólaþorpinu. Hið árlega ball "220 rave" sem samanstendur af Víðistaðaskóla, Lækjarskóla, Öldutúnskóla og Hvaleyrarskóla fór fram í Lækjarskóla. Allir skemmtu sér vel og mætingin var til fyrirmyndar. Í desember hélt nemendafélagið og 10.bekkur jólabingó til styrktar Barnaspítala Hringsins. Vinningarnir voru gríðarlega flottir og alls söfnuðust 214.000kr. Um miðjan desember sýndi 10.bekkur brot úr söngleiknum Beetlejuice í jólaþorpinu. Í lok haustannarinnar var haldin jólaskemmtun hjá unglingadeildinni í íþróttahúsinu. Foreldrum var boðið að koma og horfa á skemmtiatriðin. Seinna um kvöldið var svo haldið jólaball sem gekk vel.

## STJÓRN NEMENDAFÉLAGS VÍÐISTAÐASKÓLA 2019-2020

Guðmundur Pétur 10.SHS, Formaður  
Heiðís Harpa 10.SHS, varaformaður  
Jökull Máni 10. SM, sjoppustjóri  
Hekla 10. SM, gjaldkeri  
Mímir Hrafn 10. RB  
Tinna Guðrún Pedersen 10. RB  
Ari Dignus 9. SEG  
Kristín Björg 9.SEG

Hildur Jóna 9. MG  
Kristófer 9, MG  
Hildur Harpa 9.AMF  
Róbert Dagur 9.AMF  
Valdimar 8.ÞB  
Elena 8.ÞB  
Sigríður Lára 8.BMV  
Örn 8.SH  
Irena 8.SH



Guðmundur Pétur Dungal Níelsson

## FRAMUNDAN Í FÉLAGSLÍFINU

- Söngkeppni félagsmiðstöðva Hafnarfjarðae, 15. janúar
- Kraginn í janúar
- Samfés STÍLL 1. febrúar
- Grunnskólahátíð 5.febrúar
- Söngleikurinn Beetlejuice helgina 14-16.febrúar
- Draugahús 10.bekkar
- Þemaball
- Veistu Svárið
- Samfestingur og Söngkeppni Samfés
- Árshátíð
- o.f.l.

## VIÐBURÐIR HAUSTSINS

- Nýnemaball í október
- Prufur fyrir söngleikinn Beetlejuice
- 220 RAVE í nóvember
- Söngkeppni Hraunsins í nóvember
- Jólstyrktarbingó í desember
- Hafnarfjarðarstíll í desember
- Jólaball unglingadeildar





Í Víðistaðaskóla er unnið í anda nemendalýðræðis. Þann 2. október 2018, á alþjóðlega forvarnardaginn, var fyrsta lýðræðisþing unglíngadeildar haldið í samstarfi við félagsmiðstöðina Hraunið. Nemendur fengu útskýringu á hugtakinu lýðræði og á lýðræðislegum vinnubrögðum. Lýðræðisþingið gekk mjög vel þannig að ákveðið var að halda áfram með þetta þing á sama degi í ár með svipuðu fyrirkomulagi og í fyrra með þeirri viðbót að það fór einnig fram á miðstigi í ár. Einn nemandi úr hverjum bekk var kosinn í lýðræðisnefnd sem sér um að skipuleggja lýðræðisþingið. Allir nemendur unglíngadeildar unnu síðan saman í vinnustofum að tillögum sem gætu bætt skólafélagið, nám og líðan nemenda. Lýðræðisnefndin vann síðan úr tillögnum í samstarfi við skólafélaga, deildarstjóra unglíngastígs og aðstoðarverkefnastjóra félagsmiðstöðvarinnar. Niðurstöður þingsins verða kynntar fyrir nemendum snemma á næsta ári.



Sveinn Ísak Kristinsson

## KYNNING Á LOFTLAGSMÁLUM

Sveinn Ísak Kristinsson skrifar

Á síðastliðinni önn var farið í það verkefni að kynna nemendur Víðistaðaskóla fyrir loftslagsmálum á sem fjölbreyttastan hátt. Hugmyndin spratt upp í aðdraganda dags Íslenskrar náttúru sem var í september en þá var nemendum skipt upp í vinnuhópa sem unnu að slagorði Víðistaðaskóla sem Grænfánaskóla og gengið var í hugmyndasöfnun í átt að umhverfisvænni skóla. Samhliða vinnuhópunum var gengið inn í bekk með kynningu á mismunandi sviðum loftslagsvandans og lausnum við honum. Í kynningunni var mikil áhersla lögð á neysluhyggju Íslendinga og hvernig hún stuðlar að því að við erum óbeint með mestu umhverfissóðum heimsins miðað við höfðatölu.



Lýðræðisnefnd unglíngadeildar á fyrsta fundi vetrarins þann 25. september í félagsmiðstöðinni Hrauninu.

Það er vegna framleiðslu og urðunnar þess ógrynni af vörum sem fluttar eru inn til landsins. Nemendur voru hvattir til að skapa heilbrigðara samband við vörurnar, nota fatnað lengur, laga það sem er gallað, versla meira notað og skiptast á flíkum við vini sína og fjölskyldu í stað þess að henda og kaupa nýtt.

Nemendur voru kynntir fyrir alvarlegum afleiðingum hlýnunar jarðar og plastmengunar en á sama tíma voru þeir hvattir til að einblína ekki á það, horfa líka á góðu fréttirnar, sem nóg er til af, annað en fréttastofur benda til. Margir nemendur sögðust kannast við loftslagskvíða og var þeim bent á að helsta lausnin við honum er að gera sitt besta til að verða betri umhverfisþegnir og hvetja aðra til þess sama. Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað. Helstu skilaboð kynningarinnar eru að endurnýta, endurvinna og eyða minna. Stefnt er á að senda út samantekt á kynningunni með einföldum leiðbeiningum að flokkun og hugmyndum að leiðum fyrir einstaklinga og heimili til að minnka kolefnisspor sitt og minnka notkun á einnota umbúðum.

# LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR

Halla Svavarsdóttir skrifar

Bókasöfn Víðistaðaskóla leitast við að vera lestrarhvetjandi fyrir nemendur og ýta undir ánægjulega lestrarupplifun. Söfnin standa árlega fyrir föstum viðburðum eins og Bókasafnsdeginum í byrjun september, en þar er markmiðið að vekja athygli á mikilvægi bókasafna í samfélaginu, og viku bannaðra bóka sem haldin er í Bandaríkjunum í lok september þar sem dregnar eru fram bækur sem reynt hefur verið að banna eða koma í veg fyrir útgáfu á af ýmsum ástæðum. Einnig hefur verið haldið upp á alþjóðlega bangsadaginn sem er 27. október. Þá tóku söfnin þátt í Bóka- og bíóhátíð Hafnarfjarðar í október sem er hugsuð til að efla áhuga barna á lestri. Meðal annars unnu nemendur í 7. bekk verkefni um hafnfirski rithöfundinn Gunnar Helgason og lærðu að búa til QR kóða. Norræna bókmenntavikan var haldin 11. - 17. nóvember en hún hefur í yfir 20 ár verið menningarverkefni sem stefnir að því að miðla lestrargleði, bókmenntum og norrænni frásagnarhefð þvert yfir landamæri.

Safnið hefur staðið fyrir bókakynningum að hausti og í desember. Einnig hafa stjórnendur skólans boðið nemendum í aðdraganda jóla á safnið til að hlýða á upplestur úr bókum og eiga notalega stund saman í kjölfarið. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að kaupa nýútgefnar bækur svo nemendur geti notið þeirra sem fyrst. Nokkrir lestrarklúbbur eru starfræktir á söfnunum svo sem Disneyklúbbur, Drekaklúbbur, Óvættafararklúbbur og Herramanna- og ungrúarklúbbur. Nemendum er frjálst þátttaka í þessum klúbbum. Auk þess eru ýmsar aðrar tilfallandi uppákomur á söfnunum svo sem ratleikir, upplestrar o.fl. Þá sækja nemendur unglíngadeildar í að koma á safnið í eyðum og hádegishléi ýmist til að spila eða læra. Eftir að símabann var sett á í skólanum þá má greina fjölgun þessara heimsóknna.



Halla Svavarsdóttir



## BÓKA OG BÍÓHÁTÍÐ

Bóka- og bíóhátíð Hafnarfjarðar 2019 var sett föstudaginn 11. október og stóð hún yfir í viku. Bærinn bauð upp á skemmtilega dagskrá þar sem unnið var með bókmenntir, kvikmyndir, leiklist og jafnvel samspil þeirra. Bókasöfn grunnskóla í bænum tóku virkan þátt í þessari hátíð og áhersla var lögð á að efla áhuga barna á lestri í víðum skilningi.





## GUNNAR HELGASON

Gunnar Helgason, rithöfundur og leikari, heimsótti alla skóla í bænum og las upp úr bókinni sinni *Mamma klikk!* Bókin, sem fjallar um 12 ára gamla stúlku, snarklikkaða mömmu hennar og ævintýri þeirra, hefur hlotið mörg verðlaun. Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar, Björk Jakobsdóttir, leikstýrði leikritinu *Mamma klikk!* sem var aðlagð úr samnefndri bók. Leikritið var frumsýnt 19.október í Gaflaraleikhúsinu.



## BJARNI FRITZSON

Þann 23.nóvember kom Bjarni Fritzson, rithöfundur, og las úr bók sinni *Orri Óstöðvandi: Hefnd Glæponanna* fyrir nemendur á miðstigi. Bókin er framhald af samnefndri bók sem var ein vinsælasta barnabókin 2018.



## ÁRNI ÁRNASON

Árni Árnason, rithöfundur, heimsótti skólann föstudaginn 13.desember og kynnti bókina sína, *Friðbergur Forseti*, fyrir nemendum. Nemendur á miðstigi fengu að heyra Árna lesa úr bókinni og gátu síðan spurt hann út í bókina.



**Þann 11. júní fékk skólinn viðurkenningu frá frístunda- og fræðsluráði Hafnarfjarðar fyrir námsúrræðið Veröld.**

## VERÖLD

Valgerður Rannveig Valgarsdóttir skrifar

Veröld er námsver í þróun í Víðistaðaskóla. Það styrkir íslenskukunnáttu fjöltyngdra nemenda og styður við nám þeirra. Í námsverinu er stuðlað að því að fjöltyngdir nemendur skólans öðlist sambærilega þekkingu og jafnaldrar þeirra, samtímis því sem þeir læra íslensku. Í námsverinu starfa þrír kennarar á öllum þrem skólastigum grunnskólans. Þessir kennaranir vinna náið með umsjónarkennurum fjöltyngdra nemenda skólans og eru stöðugt að þróa kennsluaðferðir og nálganir sínar til að koma sem best til móts við þarfir nemenda sinna. Kennarar námsversins eru einnig í samstarfi með foreldrum nemendanna. Áhersla er lögð á að þjálfra menningarfærni, viðhalda og þróa þekkingargrunn og stuðla að góðum námsárangri fjöltyngdra barna. Einnig er lögð áhersla á félagslega vellíðan nemenda og að þeir samsvari sig öðrum nemendum í svipuðum sporum. Mikilvægt er að í skólanum fyrirfinnist námsver sem getur á makvissan og skilvirkan hátt tekið á móti og stutt við nám fjöltyngdra nemenda, hvar sem þeir eru staddir í íslenskukunnáttu sinni.



Valgerður Rannveig  
Valgarsdóttir



# VERÖLD FER Í BORGARLEIKHÚSIÐ

Fimmtudaginn 10. október fóru kennarar í Veröld með hóp nemenda í ferðalag í Borgarleikhúsið. Krakkarnir fengu að skoða sviðsmyndina í leikritinu Matthildur ásamt því að fá að kíkja bakviðs. Starfsfólk Borgarleikhússins leyfðu krökkunum að skoða leikmuni og búninga. Krakkarnir hittu einnig leikara þ.á.m. Val Frey Einarsson og Hilmar Guðjónsson ásamt myndlistarkonunni Ilmi Stefánsdóttur sem hannaði leikmyndina í leikritinu Matthildur.

Hér má sjá myndir frá ferðinni.





# MYNDIR ÚR STARFINU





# SÖNGKEPPNI HRAUNSINS

Hefð er fyrir því að söngkeppnir Hraunsins séu veglegar og í ár tóku sjö atriði þátt í söngkeppni Hraunsins sem haldin var föstudaginn 29. nóvember. Hæfileikarnir hér í skólanum eru ótrúlegir. Dómarar kvöldsins voru þau Jóhanna Ómarsdóttir söngkona, Kolbeinn Sveinsson tónlistarmaður og María Ríkharðsdóttir söngkona.

Dómararnir áttu í erfðileikum með að dæma þessa frábæru keppni en á endanum völdu þau þær Sigrúnu Ástu í 10.SHS og Tinnu Guðrúnu í 10. RB áfram í söngkeppni Félagsmiðstöðva Hafnarfjarðar sem haldin verður í Bæjarbíó þann 15. janúar.





## ENDURLÍFGUNARKENNSLAN FER VEL AF STAÐ

Nemendur í þremur bekkjum unglíngadeildar hafa nú fengið kennslu í endurlífgun og er það Ilmur Dögg Nielsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur, sem stýrir henni. Er þetta í fyrsta sinn sem endurlífgun er kennd við skólann. Námsefnið er glænýtt og segir Ilmur að það lofi mjög góðu. Nemendur fá fyrst fræðslu um mikilvægi þess að temja sér rétt viðbrögð verði þeir vitni að hjartastoppi og ljúka svo kennslustund á verklegri æfingu með sérstökum æfingardúkkum. Nýja fræðslan heitir Börnin bjarga og er nýr liður í skyldufræðslu skólahjúkrunarfræðinga, byggð á tilmælum Evrópska endurlífgunarráðsins sem árið 2015 hvatti allar þjóðir til þess að taka upp endurlífgunarkennslu meðal grunnskólanema, 12 ára og eldri. Var það gert í ljósi þess að rannsóknir hafa sýnt að slík kennsla getur þrefaldað þátttöku vitna í endurlífgun og tvöfaldað lífslíkur viðkomandi.

Krakkarnir hafa verið mjög áhugasöm um efnið og staðið sig með eindæmum vel í tímum. Áhuginn sást vel þegar 9.AMF kom í sjónvarpsfréttum Stöðvar 2 þar sem krakkarnir stóðu sig eins og hetjur. Sjónvarpsstöðin Hringbraut kom sömuleiðis í heimsókn til okkar og einnig Morgunblaðið svo óhætt er að segja að framtak skólans hafi vakið athygli.





# TÓBAKS- OG RAFRETTULAUS BEKKUR

Talsvert margir 7., 8. og 9. bekkir í Víðistaðaskóla eru að taka þátt í keppninni Tóbaks- og rafrettulaus bekkur í ár. Keppnin hefur áður borið nafnið Tóbakslaus bekkur en baráttan gegn rafrettum er ný viðbót við keppnina. Embætti landlæknis stjórnar keppninni og til þess að taka þátt þá eiga bekkirnir að halda sig frá tóbaki og rafrettum ásamt því að skila inn lokaverkefni í tengslum við þema keppinnar. Keppnin fer fram um allt land þar sem mörg hundruð bekkja taka þátt. Tíu bekkir geta fengið verðlaunafé fyrir sitt lokaverkefni sem nemur 5.000 kr. fyrir hvern nemanda í bekknum. Bekkirnir geta ráðstafað þessu fé eins og þeir vilja. Það eru ýmsir bekkir í Víðistaðaskóla sem hafa sett sér það markmið að sigr þessa keppni í ár.

## FORELDRARÖLT

Foreldraröltið hefur verið fastur liður í starfsemi foreldrafélagsins í mörg ár. Margir Foreldrar krakka í unglingadeildinni bjóða sig fram í þetta rölt, klæða sig upp í gulu vestin góðu og ganga hring um Norðurbæinn. Markmið foreldrarölsins eru m.a. að koma í veg fyrir hópamyndun unglunga eftir að lögbundnum útvivistartíma er lokið, að kanna hvað fer fram í hverfinu á kvöldin og að vera til staðar ef unglingar eru illa á sig komnir og þurfa aðstoð. Ritstjórn Víðóma skilar sérstakri jólakveðju til foreldra sem hafa sinnt þessu mikilvæga verkefni.



## 10. BEKKUR FÉKK FRÆÐSLU

Á dögnum fékk 10. bekkur Víðistaðaskóla fyrirlestur frá honum Berent Karli Hafsteinssyni sem er betur þekktur sem Benni Kalli. Hann Benni ræddi við krakkanna um umferðaröryggi en hann lenti sjálfur í alvarlega mótorhjólaslysi.

Það styttist í að margir nemendur skólans fara að næla sér í bílprófið og sumir eru nú þegar komnir á skellinöður. Þessi kynning, sem hann Benni hefur verið með í nokkur ár, er því vel þegin og við þökkum Benna kærlega fyrir komuna.





# VINAVIKA

Einkunnarorð Vídistaðaskóla eru ábyrgð, virðing og vinátta. Hefur skólinn unnið markvisst með einkunnarorðin í gegnum tíðina og í nóvember ár hvert er t.d unnið með vinátta. Vinavika var haldin 4.-8 nóvember og þótti takast einkar vel. Fyrir vinaviku voru paraðir saman vinabekkir úr ólíkum árgöngum og síðan voru nemendur úr sitt hvorum bekknum paraðir saman þannig að vinapör voru í vinabekkjum.

Á mánudeginum 4. Nóvember hófst vinavika þannig að eldri bekkurinn sótti þann yngri og síðan var haldið á sal þar sem Stefán Helgi stýrði fjöldasöng. Vinaverkefni voru svo unnin í vinabekkjum í vikunni og kom margt skemmtilegt út úr því sem nú skreytir vegg skólans. Allir bekkir skólans unnu að auki með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eineltishringinn.

Vinavikunni lauk á skemmtilegan hátt þegar allir drifu sig út og mynduðu keðju í kringum skólann.





# FRÉTTIR ÚR FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI HRAUNINU



Salka Sigurðardóttir frístundaleiðbeinandi skrifar:

Félagslífið í félagsmiðstöðinni Hrauninu er búið að vera frábært í haust. Við erum ótrúlega þakklát fyrir að starfa með svona skemmtilegum ungmönnum og við hlökkum rosa mikið til nýs árs.

## Miðstig í Hrauninu

Það er búið að vera frábær mæting hjá miðstiginu í Hrauninu, mjög góð stemning. Kökukeppnin hjá 5. bekk sló heldur betur í gegn en það voru hvorki meira né minna en 19 kökur sem að okkur barst. Nailed it hefur einnig verið vinsæll liður en 6. og 7. bekkur tóku þátt í skemmtilegri þraut, þar sem þau áttu að reyna að gera endurgerð af Minions figúrum.

## Jafnréttisráð Hraunsins

Jafnréttisráð Hraunsins hélt utan um fjáröflun í nóvember og desember, en þau héldu bæði með kökusölu og fatasölu til að safna fyrir fræðslukvöldi. Jafnréttisráð tók þá ákvörðun á fundi að þau föt sem að myndu ekki seljast ekki á fatasölunni færu til fjölskylduhjálpar og Mæðrastyrksnefndar. Jafnréttisráð stefnir á að halda fræðslukvöld í Hrauninu er varðar sjálfstraust, samfélagsmiðla og líkamsvirðingu. Í janúar mun vera upphitun fyrir fræðslukvöld jafnréttisráðs þar sem að Sveinn Guðmundsson jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands og Jafningjafræðsla Hafnarfjarðar mun koma með innlegg er varðar jafnrétti.

## Fræðslukvöld í Hrauninu

Sólborg Guðbrandsdóttir kom í heimsókn á fræðslukvöld í Hraunið miðvikudaginn 7.

október. Þar kynnti hún fyrir unglíngunum okkar Instagram reikninginn Fávitar sem hún stofnaði, sem að er átak hennar gegn stafrænu og annars konar kynferðisofbeldi og hefur síðan í dag yfir 22 þúsund fylgjendur sem standa saman í því að segja frá ofbeldi, styðja hvert annað og vinna gegn kynferðisofbeldi.

Í desember kom Sigga Dögg kynfræðingur í heimsókn í Hraunið og las upp úr bókunum sínum Daði og Kynvera, sem að vakti mikla lukku. Eftir upplesturinn mynduðust skemmtilegar umræður um heima og geima.

## Afreksveggur og Hetjuveggur

Í ágúst endurvöktum við afreksvegg unglíngadeildar og hetjuvegg miðdeildar. Í starfi Hraunsins erum við oft á tíðum með fjölbreyttar keppnir, eins og kökukeppni, borðtennismót, blindra smökkun og rafíþróttamót svo eitthvað sé nefnt. Sigurvegri í hverri keppni fær að láta taka mynd af sér með poloroid myndavél Hraunsins og hengja myndina af sér annaðhvort upp á afreksvegg eða hetjuvegg. Myndirnar eru fljótar að safnast upp og mikil spenna sem að myndast þegar ný mynd fer upp á vegg.

Sjá má dagskrá Hraunsins fyrir 5.-10.bekk inn á heimasíðu skólans undir flípanum Tómsundamiðstöð.





## FRÉTTIR ÚR ENGIDAL

Haustið fór vel af stað í Engidalnum með nokkrum nýjum verkefnum. Mánudagsgangan er eitt þessara verkefna og ganga nú nemendur og starfsmenn 1 km í frímínútum á mánudögum. Síðan að verkefnið hófst er búið að ganga samtals 1786 kílómetra í Engidal, sem þýðir einn hring í kringum landið og erum við alveg að komast inn á Akureyri í annað sinn. Það er spurning hvað við komumst marga hringi í kringum landið á þessu skólaári.

Mikil samvinna er á milli leikskólans Álfabergs og grunnskólans. Einu sinni í viku hitta elstu nemendur leikskólans nemendur úr 1.bekk og vinna saman læsisverkefni. Þetta er viðbót við þá samvinnu sem fyrir var þar sem nemendur hittust einu sinni í mánuði og unnu saman verkefni tengt stærðfræði. Í vinavikunni fórum við af stað með lestrarvini. Nemendur úr 5.VIP hitta vini sína í 2.bekk og lesa hvor fyrir annan. Aðrir vinabekkir voru með lestur í vinavikunni og það heppnaðist svo vel að ákveðið var að halda því áfram.

Í skólanum leynast einnig margir efnilegir listamenn eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Tvö verkefni voru unnin í Vinavikunni; Regnboginn og Vinátta. Hin listaverkin eru unnin í smiðjum og bekkjum hjá umsjónarkennurum.





# LJÚFAR SPILASTUNDIR

Nemendur í unglíngadeild skólans gátu valið spilaáfangna sl. vor sem valgrein veturinn 2019-2020 og voru tólf nemendur sem völdu hann. Flestir nemendurnir eru í 9. bekk en þarna eru líka fulltrúar 8. og 10. bekkjar. Kynjahlutfallið mætti þó vissulega vera jafnara þar sem allir þátttakendur eru drengir!

Fyrirkomulagið er þannig að kennari áfangans, Sigrún Erna, mætir með borðspil sem krakkarnir eiga að spila í tímanum. Yfirleitt er spilað á tveimur borðum og er þá mismunandi spil í gangi á hvoru borði þannig að í næsta tíma er þá skipt um spil. Ýmis spil hafa verið spiluð og má þar nefna Forbidden Island, Pandemic, Captain Marvel and the Secret Skrulls, Mysterium og Spyfall. Krakkarnir hafa haft mjög gaman að þessum spilum og reglulega slæðast inn aðrir nemendur sem ekki eru í valinu sem langar að taka þátt líka.

Eftir áramót er svo ætlunin að horfa meira til hefðbundinna spila og fara t.d í vist, gúrku, rommí og fleira. Spilamenning er vaxandi innan skólans og hefur bókasafnið komið þar sterkt inn. Halla bókasafnsvörður stóð fyrir því að keypt voru lítil og skemmtileg spil sem auðvelt er að grípa í í frímínútum fyrir unglíngadeildina og eru þau í sérmerktum kassa á bókasafninu. Hafa margir krakkar verið duglegir að nýta sér þau.





# VALFAGIÐ STÍLL

Nemendur í unglingsdeild skólans gátu valið STÍL sem valgrein veturinn 2019-2020. Þetta er þriðja árið í röð sem Kristín Garðarsdóttir textílkennari og Þórunn Þórarinsdóttir aðstoðarverkefnastjóri í Hrauninu kenna í sameiningu. Kennt er alla þriðjudaga og geta hóparnir einnig komið í kvöldstarfinu í Hrauninu og unnið saman í hönnuninni.

Markmið Stíls eru að, hvetja unglinga til listsköpunar og um leið gefa þeim aukin tækifæri til frumlegrar hugsunar og sköpunarhæfileika. Vekja jákvæða athygli á því hvað unglingar eru að gera á sviði sköpunar og gefa þeim kost á að koma sínum hugmyndum á framfæri utan félagsmiðstöðvanna. Þemað í ár var DISNEY.

Stíll 2020 á vegum SAMFÉS fer fram í íþróttahúsinu Digranesi laugardaginn 1. febrúar. Við hvetjum alla til að kíkja á þessa glæsilegu hönnunarkeppni.

Í ár vorum við með þrjú lið úr Víðistaðaskóla/ Hrauninu sem tóku þátt í keppninni Hafnarfjarðar-STÍL sem fram fór hér í Víðistaðaskóla þann 13. desember.

Keppnin í ár var stórglæsileg og voru 12 lið úr fimm félagsmiðstöðum sem tóku þátt í ár.

Ásinn í Áslandsskóla fékk verðlaun fyrir heildarútlit, Aldan í Öldutúnsskóla fékk verðlaun fyrir förðun og Hraunið fékk tvö verðlaun fyrir bestu hönnunarmöppuna og hárverðlaun.







# HELGILEIKUR VÍÐISTAÐASKÓLA

Helgileikur Víðistaðaskóla fór fram fimmtudaginn 12. desember og voru það nemendur úr 5. bekk VIP, Tröll og Álfar. Kór var skipaður af nemendum úr 4. bekk og Tómas Vigur Magnússon úr 9. AMF lék á píanó. Hér má sjá myndir sem voru teknar úr helgileiknum.









# JÓLIN Í VÍÐISTAÐASKÓLA

Í desember fer skólinn í jólafötin og fá allir bekkir að skreyta stofuna sína. Í gegnum árin hefur einnig myndast sú hefð að nemendur skreyta hurðina á kennslustofunni sinni. Ritstjórn Víðóma valdi þrjár vel skreyttar hurðir, ein af hverju aldurstigi, sem fá sérstakt hrós fyrir listfengi. Þær má sjá hér fyrir neðan.





# JÓLABINGÓ 10.BEKKJAR OG NEMENDAFÉLAGSINS

Hefð er fyrir því að 10.bekkur og nemendafélag skólans haldi jólastyrktarbingó á hverju ári. Þann 11. desember í dag, miðvikudaginn 11. desember hélt stjórn nemendafélags og hluti af 10.bekk Víðistaðaskóla hið árlega jóla-styrktarbingó. Þetta árið ákváðu nemendur að safna fyrir Barnaspítala Hringsins. Börn og fullorðnir mættu í hátíðarsal skólans og spiluðu bingó í einn og hálfan klukkutíma. Kakó og kökur voru til sölu og rann allur ágóði af bingóspjöldum, kakó og kökusölunni til Barnaspítalans. **Samtals söfnuðust 214 þúsund kr** og tók Vilborg frá Kvenfélagi Hringsins við styrknum fyrir hönd sjóðsins. Ótrúlega flott ungmenni sem skipulögðu þennan viðburð. Það hefði náttúrulega ekki verið hægt að halda bingó nema fyrir fyrirtækin sem styrktu bingóið með öllum þessu frábæru vinningum og allir sem mættu og spiluðu og styrktu málstaðinn. Þetta er þroskandi ferli sem krakkarnir gengu í gegnum, þurftu að skipuleggja viðburð, safna vinningum og halda úti bingó stemningu í einn og hálfan tíma með fullan sal af fólki og gerðu það með glæsibrag. Við erum einstaklega stolt af þessum flottu ungmönnum okkar



# RITSTJÓRN VÍÐÓMA

Ritstjórn Víðóma; Birkir, Sigrún og Þórunn, óskar nemendum, aðstandendum og starfsfólki skólans gleðilegra jóla og hamingjuríks nýs árs. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs á nýja árinu enda margt spennandi á döfinni er sól fer að hækka á lofti. Sjáumst hress í janúar!



Birkir Már Viðarsson



Sigrún Erna Geirsdóttir



Þórunn Þórarinsdóttir

GLEÐILEG JÓL



Ábyrgðarmaður:  
Hrönn Bergþórsdóttir

Ábyrgð - Virðing - Vinátta